

## Svar

### forsætisráðherra við fyrirspurn frá Ásthildi Lóu Þórsdóttur um viðskiptareikninga við Seðlabanka Íslands.

1. *Hvaða aðilar eiga viðskiptareikninga við Seðlabanka Íslands og hvernig skiptast þeir í flokka?*

Þeir aðilar sem eiga viðskiptareikning samkvæmt reglum um viðskiptareikninga og vaxtalaus reikninga við Seðlabanka Íslands, nr. 1644/2022, eru:

Arion banki hf.  
Indó sparisjóður hf.  
Íslandsbanki hf.  
Kvika banki hf.  
Landsbankinn hf.  
Ríkissjóður Íslands.  
Sparisjóður Austurlands hf.  
Sparisjóður Höfðhverfinga ses.  
Sparisjóður Strandamanna ses.  
Sparisjóður Suður-Þingeyinga ses.  
Framangreindir aðilar flokkast í:

- a. Innlend fjármálafyrirtæki sem hafa starfsleyfi sem viðskiptabanki eða sparisjóður, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. reglna um viðskiptareikninga og vaxtalaus reikninga við Seðlabanka Íslands, nr. 1644/2022.
- b. Ríkissjóð Íslands fyrir hönd sjóða og stofnana í eigu ríkisins sem tilgreind eru í A-hluta ríkisreiknings, sbr. 50. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015.

2. *Hver var meðalfjárhæð innstæðna á viðskiptareikningum við Seðlabanka Íslands í hverju mánuði frá ársbyrjun 2021, sundurliðuð eftir flokkum reikningseigenda?*

Seðlabankinn reiknar ekki sérstaklega meðalfjárhæð innstæðna á viðskiptareikningum. Seðlabankinn birtir opinberlega efnahagsreikning sinn á vefsvæði bankans. Þar má finna mánaðarlokatölur fyrir innstæður þeirra aðila sem eiga viðskiptareikning hjá Seðlabankanum, sbr. svar við 1. tölul. fyrirspurnar. Eftirfarandi tafla sýnir samantekt á mánaðarlokatölum frá ársbyrjun 2021, sundurliðuð eftir flokkum reikningseigenda:

millj. kr. dags.	Innstæður fjármálafyrirtækja á viðskiptareikningum	Innstæða ríkissjóðs á viðskiptareikningum
31. jan. 2021	65.419	88.619
28. feb. 2021	50.796	119.167
31. mar. 2021	114.899	81.723
30. apr. 2021	77.268	66.741
31. maí 2021	112.188	40.936
30. jún. 2021	142.336	41.767
31. júl. 2021	107.294	47.177
31. ágú. 2021	72.164	42.797
30. sep. 2021	69.107	58.411
31. okt. 2021	90.271	58.430
30. nóv. 2021	48.223	72.712
31. des. 2021	79.689	56.468
31. jan. 2022	46.841	70.330
28. feb. 2022	48.196	91.046
31. mar. 2022	97.923	70.750
30. apr. 2022	91.212	96.594
31. maí 2022	58.444	102.942
30. jún. 2022	70.981	120.031
31. júl. 2022	63.956	72.315
31. ágú. 2022	77.517	107.987
30. sep. 2022	95.683	116.215
31. okt. 2022	124.207	81.037
30. nóv. 2022	85.487	85.519
31. des. 2022	82.402	83.571
31. jan. 2023	63.633	33.955
28. feb. 2023	58.850	81.614
31. mar. 2023	75.990	80.954
30. apr. 2023	64.031	75.523
31. maí 2023	59.131	88.518

3. *Hver var fjárhæð greiddra vaxta til eigenda viðskiptareikninga við Seðlabanka Íslands í hverjum mánuði frá ársbyrjun 2021, sundurliðuð eftir flokkum reikningseigenda?*

Eftirfarandi tafla sýnir fjárhæð greiddra vaxta til eigenda viðskiptareikninga við Seðlabanka Íslands í hverjum mánuði frá ársbyrjun 2021, sundurliðuð eftir flokkum reikningseigenda, sbr. svar við fyrri tölulíð:

millj. kr. dags.	Greiddir vextir af innstæðum fjármálafyrirtækja á viðskiptareikningum	Greiddir vextir af bundnum innlánum fjármálafyrirtækja	Greiddir vextir af innstæðum ríkissjóðs á viðskiptareikningum
jan. 21	24,7	56,3	46,0
feb. 21	19,6	67,4	50,9
mar. 21	26,7	90,2	47,1
apr. 21	32,6	64,6	35,0
maí. 21	35,9	89,0	36,8
jún. 21	61,1	132,5	32,8
júl. 21	68,4	118,9	30,2
ágú. 21	67,3	134,8	34,5
sep. 21	52,5	197,0	67,6
okt. 21	59,7	181,7	77,6
nóv. 21	76,5	231,8	75,6
des. 21	102,9	308,9	113,7
jan. 22	98,7	298,2	68,1
feb. 22	126,9	294,8	137,8
mar. 22	169,8	446,4	127,8
apr. 22	163,4	241,9	241,9
maí. 22	216,8	388,9	325,7
jún. 22	232,3	557,4	363,2
júl. 22	276,7	606,4	318,6
ágú. 22	299,0	862,4	352,8
sep. 22	288,1	719,3	421,7
okt. 22	400,0	500,5	558,9
nóv. 22	401,6	1.043,8	201,1
des. 22	379,3	745,1	386,8
jan. 23	362,7	842,5	248,5
feb. 23	326,3	871,3	395,2
mar. 23	373,4	1.200,0	358,9
apr. 23	387,7	933,2	437,1
maí. 23	391,3	1.353,6	475,5

4. *Hver er uppruni þess fjár sem er notað til að greiða vexti til eigenda viðskiptareikninga við Seðlabanka Íslands?*

Seðlabankinn greiðir vexti á innlánsreikninga við bankann.

Þá er til þess að líta að innstæður í Seðlabanka Íslands teljast seðlabankafé líkt og seðlar og mynt. Seðlabankafé er skuld Seðlabankans og kemur fram á skuldahlíð efnahagsreiknings bankans. Frá fjármálahruninu árin 2008–2009 hefur staða bankakerfisins gagnvart Seðlabanka Íslands (eins og við á um fjölda annarra ríkja) einkennst af rúmri lausafjárstöðu viðskiptabanka og sparisjóða. Viðskiptabankar hafa því ekki verið háðir Seðlabankanum um lausafé nema í undantekningartilvikum. Því eru það vextir á bundnum innlánum Seðlabankans sem hafa mest áhrif á miðlun peningastefnunnar um þessar mundir en ekki vextir á lánnum bankans gegn veði eins og áður. Með því að breyta vöxtum hefur Seðlabankinn áhrif á útlán

bankakerfisins og eftirspurn, sem hefur áhrif á verðbólguþrýsting og vöxt peningamagns. Það hefur meiri áhrif á vöxt peningamagns en vextir bætast við innlánsstofninn.